

Reykjavík, 8. október, 2025

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga nr. 80/2016 (afturköllun alþjóðlegrar verndar).

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindu frumvarpi. Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grunngildi hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum. Félagið hefur jafnframt mikla reynslu af sálfélagslegum og félagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og inngildingu (e. *inclusion*).

Ofangreint frumvarp er framlagt á ný frá síðasta þingi en þó með breytingum á 1. og 3. grein.

Rauði krossinn á Íslandi vinnur, eins og segir að ofan, í nánú samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna um móttöku flóttafólks hér á landi og inngildingu þess. Svæðisskrifstofa stofnunarinnar fyrir Norðurlönd skilaði á vormánuðum ítarlegri umsögn um fyrri útgáfu frumvarpsins. Sjá slóð <https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-1010.pdf>

Neðangreind málsgrein í umsögninni lýsir meðal annars aðkomu stofnunarinnar að lagasetningu ríkja er varðar flóttafólk:

Paragraph 8 of UNHCR's Statute confers responsibility on UNHCR for supervising international conventions for the protection of refugees whereas the 1951 Convention relating to the Status of Refugee and its 1967 Protocol (hereafter collectively referred to as "1951 Convention") oblige State Parties to cooperate with UNHCR in the exercise of its mandate, in particular facilitating UNHCR's duty of supervising the application of the provisions of the 1951 Convention (Article 35 of the 1951 Convention and Article II of the 1967 Protocol).

Rauði krossinn tekur undir þá umsögn að öllu leyti.

Félagið hefur jafnframt verið í samráði við Flóttamannastofnun er varðar umsögn hennar um núverandi útgáfu frumvarpsins. Sú umsögn er í vinnslu. Rauði krossinn lýsir sig sammála þeirri væntanlegu umsögn.

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúinir að hitta fulltrúa allsherjar- og menntamálanefndar til frekari viðræðna. Félagið hvetur að lokum nefndina til að bjóða fulltrúum Flóttamannastofnunar fyrir Norðurlönd á fund sinn til frekara samráðs og taka tillit til ábendinga þeirra.

